

Endurrit fundargerðar

229. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps 9.desember 2004

Fundurinn hófst kl. 15:00 Mætt Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Björk Bárðardóttir og Þórður Jónsson. Bjarki Stefán Jónsson var ekki mættur vegna brunaútkalls í Saurbæ kl. 14:30. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð menn velkomna og las upp dagskrá. 3. og 4. liður áður auglýstrar dagskrár féllu niður. Samþykkt var að bæta einu máli við undir liðnum "önnur mál."

Var nú gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

- 1) Tillögur verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði. Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða ætlaði að mæta á fundinn en komst ekki, þannig að fresta varð málinu. Sveitarstjóri skýrði hins vegar frá áhuga Aðalsteins á að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Reykhólahreppur gerðu með sér samstarfssamning um athugun á uppbyggingu heilsuhótels á Reykhólum. Leist hreppsnefnd vel á það mál fyrir sitt leyti.
- 2) Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir 227.og 228. fundar hreppsnefndar. Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Símanum varðandi mögulega ADSL-tengingu á Reykhólum og hvað þarf að koma til til þess að af henni geti orðið. Varðandi 228, fundinn lagði sveitarstjóri fram skjal undirritað af sóknarpresti þar sem lagt er til að minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur yrði lagður niður. Sveitarstjórn undirritaði bréfið á fundinum og ganga þá eigur sjóðsins til hlunnindasýningar á Reykhólum.

Undir þessum lið lagði sveitarstjóri enn fremur fram tillögu um breytingu á götuheitum á Reykhólum. Afgreiðslu málsins frestað

- 3) Fundargerð brunamála- og almannavarnanefndar frá 22. nóvember 2004. Rætt almennt um brunavarnir. Varðandi gerð brunavarnaáætlunar ræddu menn um að samstarf við brunavarnir Dalasýslu væri æskilegt. Nefndin leggur til að keyptir verði nýir gallar á allt slökkviliðið á þessu ári og næsta, en síðan stefnt að kaupum á tankbíl árið 2006.
- 4) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 25. nóvember 2004. Samþykkt.
- 5) Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 2. desember 2004. Samþykkt.
- 6) Stutt greinargerð frá forseta heilsulindasamtaka Evrópu (ESPA), dr. Jönku Zálesáková, um möguleika á uppbyggingu heilsuhótels (SPA) á Reykhólum. Lögð fram til kynningar. Þessi mál verða tekin fyrir á væntanlegum fundi með framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.
- 7) Fundargerð 53. fundar Breiðafjarðarnefndar haldinn 16. október í Bjarkalundi. Sveitarstjóra falið að ræða við Breiðafjarðarnefnd um samstarf við örnefnaskráningu í hreppnum.
- 8) Erindi frá sameiningarnefnd sveitarfélaga dags. 2. desember (tilkynning)
- 9) Samþýli fatlaðra á Reykhólum, bréfaskipti Reykhólahrepps og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Hreppsnefnd telur eðlilegt að svæðisskrifstofan kanni þörfina fyrir samþýli í hreppnum.
- 10) Fækkun einkahlutafélaga í Reykhólahreppi, minnisblað sveitarstjóra (tilkynning). Reykhólahreppur er eitt tveggja sveitarfélaga þar sem einkahlutafélögum hefur fækkað.
- 11) Aðalfundur Framfarafélass Flateyjar 25.nóvember. Fundargerð lögð fram til kynningar.

Bjarki Stefán Jónsson kom nú inn á fundinn.

- 12) 2. fundur stýrihóps NORCE-strandmenningarverkefnisins á Reykhólum 10. nóvember, fundargerð. Lögð fram til kynningar.
- 13) Flutningur hreindýra frá Austurlandi í Reykhólahrepp, erindi frá Skotveiðifélagi Íslands. Hreppsnefnd hafnar þessum hugmyndum samhljóða.
- 14) Kosning sérstakrar fjallskilanefndar, sbr. samþykkt hreppsnefndar á 225.fundi 16. september sl. Samþykkt að kjósa eftirtalda í nefndina:
Kristján Þór Ebenezerson, Stað
Leif Samúelsson, Djúpadal
Bergsvein Reynisson, Gróustöðum
Tómas Sigurgeirsson, Mávatúni
Þráinn Hjálmarsson, Hríshól

- 15) Reglur um liðveislu, fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu, síðari umræða. Lögð var fram umsögn svæðisskrifstofu um liðveislureglur.
Reglur um liðveislu samþykktar með nokkrum breytingum.
Reglur um fjárhagsaðstoð samþykktar með smávægilegum breytingum
Reglur um félagslega heimaþjónustu samþykktar óbreyttar.

- 16) Umhverfismat nýs vegar um Arnkötludal og Gautsdal, erindi frá Leið hef. Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir.

Þórður Jónsson yfirgaf nú fundinn og Einar T. Kristinsson kom í hans stað.

Þórður Jónsson (sign)

- 17) Markaðsmál ferðaþjónustunnar, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Lagt er til að sveitarstjórnir á Vestfirðum geri ráð fyrir fjármagni í markaðsskrifstofu ferðamála í fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 2005. Hlutur Reykhólahrepps yrð samkvæmt þessu kr. 253.743,- á árinu 2005 og tæki mið af íbúatölu. Samþykkt, enda verði þessi starfsemi og þátttaka Reykhólahrepps í henni kynnt fyrir ferðaþjónum í hreppnum.
- 18) Gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp, erindi frá Landmótun ehf og bréf Reykhólahrepps til Skipulagsstofnunar. Samþykkt að ganga til samninga við Landmótun um gerð aðalskipulags. Egill sat hjá. Sveitarstjóra falið að hafa samband við fulltrúa Landmótunar og fá hann í heimsókn næst þegar hann heimsækir Dalabyggð.
- 19) Tilnefning í nefnd til þess að úrskurða um girðingamál á Skerðingsstöðum; erindi frá Páli Skúlasyni hdl. Samþykkt að tilnefna Boga Kristinsson Magnusen skipulags-, og byggingafulltrúa.
- 20) 719. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundargerð (tilkynning)
- 21) Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, skýrsla hjúkrunarforstjóra 2003-2004. Rekstur heimilisins hefur gengið ágætlega, en því miður hefur ekki fengist heimild fyrir fleiri hjúkrunarrýmum.
- 22) Afstaða vestfirskra sveitarfélaga til tekjustofna og verkefnatilflutnings milli ríkis og sveitarfélaga (tilkynning).
- 23) “Lengjum háönnina í ferðaþjónustu, bætum maí og september við”, erindi frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Lagt fram til kynningar.
- 24) Tilkynning frá Hagstofunni um lögheimilisflutninga úr sveitarfélaginu og í það (tilkynning).
- 25) Fyrirspurn frá Péttri Bjarnasyni alþingismanni til samgönguráðherra um vöruflutninga til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram svar samgönguráðherra. Sveitarstjóra falið að færa Péttri Bjarnasyni þakkir fyrir að sýna vegamálu í Barðastrandarsýslum áhuga
- 26) Erind frá ráðgjafafyrirtækinu Nýsir h/f, skýrsla um rekstur grunnskóla. Ekki er áhugi fyrir erindinu.
- 27) Erindi frá Theodóru Guðnadóttur varðandi Höllustaði. Um er að ræða beiðni um að Reykhólahreppur hlutist til um kaup á landspildu úr Reykhólajörðinni til endursölu til eiganda Höllustaða. Egill óskaði eftir að víkja af fundi. Samþykkt samhljóða. Áður en Egill vék af fundi lagði hann fram eftirfarandi tillögu: *“Þar sem vitað er að núverandi ábúandi Reykhólajarðarinnar sem er í ríkiseign hefur formlega óskað eftir að fá hana keypta afmarkaða samkvæmt þinglýstum landamerkjum, legg ég til að afgreiðslu verði frestað og leitað verði umsagnar landbúnaðarráðuneytisins á þessari beiðni.”*
Rebekka Eiríksdóttir tók nú sæti Egils.
Tillaga Egils samþykkt með þremur greiddum atkvæðum. Tveir sátu hjá.
Rebekka vék nú af fundi og Egill kom aftur inn á fundinn.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

- 28) Fjárhagsáætlun 2005. Sveitarstjóri lagði fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu þar sem Reykhólahreppi er veittur frestur til 31. janúar 2005 til að skila fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Sveitarstjóri lagði til óbreytt fasteignagjöld og var það samþykkt. Samþykkt að hækka leikskólagjöld úr kr. 18.000,- (heill dagur) upp í kr. 18.500,-

Önnur mál:

- a) Erindi frá Guðlaugu Guðmundsdóttur, Tindum; Kristni Bergsveinssyni, Görðum; Lilju Þórarinsdóttur, Grund og Páli F. Jónssyni og Aðalsteini Valdimarssyni Reykhólum. Erindið snýst um afslátt elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Fylgiskjal með þessu erindi eru reglur Vesturbyggðar í þessum efnum.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:20

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)
Bjarki Stefán Jónsson (sign)
Einar T. Kristinsson (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)